REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 397/1993 um greiðslumark sauðfjárafurða á lögbýlum og beinar greiðslur verðlagsárið 1994–1995.

1. gr.

Við 4. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er verði 5. mgr., svohljóðandi:

Við ábúendaskipti á lögbýlum skal fráfarandi halda greiðslumarki lögbýlisins haustið eftir að ábúendaskiptin fara fram, svo og beinum greiðslum vegna framleiðslu það haust, nema um annað sé sérstaklega samið milli aðila eða viðtakandi hafi yfirtekið bústofn og afurðir við ábúendaskiptin.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. október 1993.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.